

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2014

Risk of poverty and income distribution 2014

Samantekt

Árið 2014 dreifðust tekjur á Íslandi jafnar milli fólks en áður hefur sést í lífskjara-
rannsókn Hagstofunnar en hún var fyrst framkvæmd árið 2004. Fimmtunga-
stuðullinn og Gini-stuðullinn eru tvær mælingar sem eru notaðar til að mæla
dreifingu tekna og hafa þessir stuðlar ekki mælst lægri í lífskjara-
rannsókninni. Fimmtungastuðullinn sýnir að tekjuhæsti fimmtungurinn var með 3,1 sinnum
hærrí tekjur en sá tekjulægsti en hæstur var stuðullinn 4,2 árið 2009. Gini-
stuðullinn mældist 22,7 en hæstur var hann árið 2009 eða 29,6.

Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum á Íslandi hefur ekki verið lægra
eða 7,9% sem er sama hlutfall og árið 2012. Árið 2014 voru 11,1% á Íslandi
undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun en hlutfallið er það
lægsta sem mælst hefur.

Háskólamenntaðir eru í minni hættu á að vera fyrir neðan lágtekjumörk en þeir
sem hafa minni menntun. Hins vegar var minni munur á þeim sem voru með
grunnmenntun og þeim sem voru með framhalds- og starfsmenntun. Leigjendur
voru mun líklegri til að vera fyrir neðan lágtekjumörk en húseigendur, 15,9%
samanborið við 5,8%.

Inngangur

*Lífskjara-
rannsókn Hagstofunnar
er hluti af samræmdri rannsókn
ESB, EU-SILC*

Jöfnuður og tekjudreifing hafa verið ofarlega á baugi í íslenski þjóðmálaumræðu á
undanförunum misserum, bæði í samhengi stjórnmála og kjarasamninga. Í þessu
hefti birtum við nýjar tölur um dreifingu ráðstöfunartekna, en ráðstöfunartekjur á
neyslueiningu eru heildartekjur heimilis, þ.e. allar tekjur allra heimilismanna,
leiðréttar með hliðsjón af fjölda og samsetningu heimilismanna. Dreifing slíkra
tekna endurspeglar þannig dreifingu lífskjara sem mótast af 1) launatekjum; 2)
hverskyns bótum; 3) skattgreiðslum; og 4) samsetningu heimila. Þannig geta
kjarasamningar, opinber stefnumótun og ákvarðanir sem einstaklingar og heimili
taka haft áhrif á tekjudreifinguna.



Helstu niðurstöður


Fimmtungastuðullinn og Gini-stuðullinn eru þær tvær mælingar sem helst eru notaðar til að mæla dreifingu tekna. Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna og væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn ræðst af tekjudreifingunni þar sem munur á hæstu og lægstu tekjum er aðeins einn þeirra þátta sem hafa áhrif. Fyrir vikið er ekki alltaf augljóst hvaða breytingar á tekjudreifingunni eru að hafa áhrif á stuðulinn. Fimmtungastuðullinn er einfaldara og auðskiljanlegra mælitæki. Hann sýnir hversu mikið hærri tekjur einstaklingar í efsta hluta tekjudreifingarinnar hafa í samanburði við einstaklinga í þeim lægsta.

Ráðstöfunartekjur í tekjuhæsta fimmtungi voru 3,1 sinnum hærri en í þeim tekjulægsta.

Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að ráðstöfunartekjur (skýring 1) í tekjuhæsta fimmtungnum í lífskjararannsókninni 2014 hafi verið 3,1 sinnum hærri á neyslu-einingu (skýring 3) en hjá þeim sem voru í tekjulægsta fimmtungnum. Hæst fór hann árið 2009 en þá hafði tekjuhæsti fimmtungurinn 4,2 sinnum hærri ráðstöfunartekjur en sá tekjulægsti.

Mynd 1. Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn

Figure 1. The Gini index and the income quintile share ratio




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Gini-stuðullinn $\pm 1,0$ og fimmtungastuðullinn $\pm 0,1$. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölin í töflunni við það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. CI (95%) 2014: The Gini index ± 1.0 and the quintile share ratio ± 0.1 . According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Gini-stuðullinn var 22,7 og hefur ekki mælst lægri. Hann fór hæst í 29,6 árið 2009.

Gini-stuðullinn á Íslandi var 22,7 árið 2014 og hefur ekki mælst lægri. Stuðullinn fór hækkandi á árabílinu 2004 til 2009 en hefur síðan farið lækkandi. Af mynd 1 má sjá að fimmtungastuðullinn og Gini-stuðullinn hafa þróast með sambærilegum hætti frá því mælingar hófust.

Mynd 2. Meðalráðstöfunartekjur í tekjufimmtungum á verðlagi ársins 2013 miðað við vísitölu neysluverðs

Figure 2. Real disposable income for income quintiles in 2013 year's prices, CPI



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2014: Hæsti fimmtungur ± 17 , mið-fimmtungur ± 1 og lægsti fimmtungur ± 4 . See figure 1. CI (95%) 2013: The highest quintile ± 17 , the third quintile ± 1 and the lowest quintile ± 4 .

Árið 2014 varð tekjudreifing jafnari en áður því lægsti og miðhópur hækkðu á meðan hæsti tekjuhópur stóð í stað

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu á föstu verðlagi (skýring 9) miðað við vísitölu neysluverðs sýna að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst milli árána 2013 og 2014 hjá lægsta tekjuhópnum og hjá millitekjuhópnum. Kaupmáttur hæstu tekna stóð hinsvegar nokkurn veginn í stað.


Það er rétt að ítreka að ráðstöfunartekjur endurspeglar ekki eingöngu atvinnutekjur heldur einnig aðrar tekjur, svo sem barnabætur, húsaleigubætur, vaxtabætur og örorkulífeyri. Að auki eru ráðstöfunartekjur samanlagðar tekjur allra heimilis- manna og innihalda því í flestum tilfellum atvinnutekjur fleiri en eins einstaklings. Af því leiðir að ekki er hægt að lesa dreifingu atvinnutekna af dreifingu ráð- stöfunartekna.

Noregur var með mestan jöfnuð í Evrópu og var Ísland í öðru til þriðja sæti samkvæmt fimmtungastuðli.

Meðal Evrópulanda var mestur jöfnuður í Noregi árið 2013 en þar var fimmtungastuðullinn 3,3. Ísland var í öðru til þriðja sæti ásamt Tékkum með stuðulinn 3,4. Hæstur var fimmtungastuðullinn í Serbíu, 8,6 og þar á eftir voru Rúmenía, Grikkland og Búlgaría með stuðulinn 6,6. Stuðullinn fyrir Evrópusambandið í heild og fyrir Evrusvæðið var sá sami eða 5,5. Hafa ber í huga að nýjustu tölur fyrir evrópskan samanburð eru fyrir árið 2013 en ekki 2014 eins og nýjustu íslensku tölurnar.

Mynd 3. Fimmtungastuðull 2013

Figure 3. Income quintile share ratio 2013




Heimild Source: Eurostat.

Ísland er með næst mesta jöfnuðinn samkvæmt Gini-stuðli.

Gini-stuðullinn segir að mestu leyti sömu sögu og fimmtungastuðullinn. Mestur jöfnuður var í Noregi þar sem stuðullinn var 22,7. Ísland var með næstmesta jöfnuð eða 24. Slóvakía var í þriðja sæti með stuðulinn 24,2. Hæstur var stuðullinn í Serbíu, 38, Búlgaríu og Lettlandi, 38, 35,4 og 35,2. Stuðull Evrópusambandsins var 30,5.

Mynd 4. Gini-stuðullinn 2013

Figure 4. The Gini index 2013



Heimild Source: Eurostat.

Þegar Gini- og fimmtungastuðullinn eru skoðaðir sést að jöfnuðir á Norðurlöndunum er mikill en helst má sjá ójöfnuð í löndum Suður- og Austur-Evrópu. Á þessu eru þó undantekningar því Slóvakía, Slóvenía og Tékkland eru meðal þeirra landa sem hafa mestan jöfnuð.

Lágtekjumörk og félagsleg einangrun


Eitt af fimm lykilmarkmiðum 2020 áætlunar ESB (skýring 10) er að fækka þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Þeir sem falla í þennan hóp eru einstaklingar sem eru undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil.

11,1% Íslendinga voru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Á árinu 2014 voru 34.500 eða 11,1% landsmanna undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun (e. *at risk of poverty or social exclusion*). Stuðullinn hefur ekki mælst lægri en lífskjararannsóknin var fyrst framkvæmd árið 2004. Hæstur var 13,7% stuðullinn árið 2010.

Mynd 5. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Figure 5. Proportion of individuals who are at-risk-of-poverty or social exclusion



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2014: Fyrir neðan lágtekjumörk eða í félagslegri einangrun $\pm 1,3$, undir lágtekjumörkum $\pm 1,1$, með lágt vinnuhlutfall $\pm 0,9$ og með verulegan skort á efnislegum gæðum $\pm 0,5$. See figure 1. CI (95%) 2014: At risk of poverty or social exclusion ± 1.3 , at risk of poverty ± 1.1 , low work intensity ± 0.9 and severe material deprivation ± 0.5 .

Lágtekjumörk voru 182.600 fyrir einstakling sem bjó einn og 383.400 fyrir tvo fullorðna með tvö börn

Lágtekjumörk (skýring 4) voru 182.600 þúsund krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi (skýring 5) ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 182.600 þúsund krónur á mánuði voru því fyrir neðan lágtekjumörk. Samsvarandi fjárhæð fyrir heimili með tveim fullorðnum og tveimur börnum yngri en 14 ára var 383.400 krónur á mánuði.

Tafla 1. Lágtekjumörk, tvö dæmi

Table 1. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)

Krónur á mánuði ISK per month							Vikmörk CI
	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2014
Einn á heimili One person household	160.800	158.200	153.600	156.300	170.600	182.600	± 3.000
Tveir fullorðnir og tvö börn Two adults and two children	337.700	332.100	322.500	328.200	358.400	383.400	± 6.400

Skýringar Notes: Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölin í töflunni við könnunarár, það ár sem lífshagfararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. *In accordance to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, i.e. the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.*

Aldrei hafa færri mælst undir lágtekjumörkum eða 7,9%

Árið 2014 var lágtekjuhluftallið (skýring 4) á Íslandi 7,9% en það hefur ekki mælst lægra. Árið 2012 var hlutfallið einnig 7,9% en að öðru leyti hefur það verið nokkuð stöðugt á bilinu níu til tíu prósent. Lágtekjuhluftfall er hlutfall þeirra sem eru með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi eða 182.600 árið 2014.

4,9% bjuggu á heimilum með lágt vinnuhluftfall

Árið 2014 bjuggu 4,9% landsmanna á heimilum þar sem vinnuhluftfall var lágt (skýring 11). Þeir sem búa við lágt vinnuhluftfall skilgreinast þannig að þeir eru yngri en 60 ára og búa á heimilum þar sem heimilismenn á vinnualdri (18 til 59 ára) unnu minna en 20% af því sem þeir gætu unnið ef þeir væru allir í vinnu allt árið.


1,3% landsmanna bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum

Árið 2014 bjuggu 1,3% landsmanna við verulegan skort á efnislegum gæðum. Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum hafa búið við eitthvað af eftirfarandi; lent í vanskilum með lán, ekki haft efni á fríi með fjölskyldunni, ekki haft efni á kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, hafa ekki getað mætt óvæntum útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun (skýring 12).

Af þeim Evrópuþjóðum sem framkvæma lífshagfararannsóknina var lægst hlutfall fólks á Íslandi undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Á Íslandi var hlutfallið 13% en 25% innan Evrópusambandsins. Næstu lönd á eftir Íslandi voru Noregur, Tékkland og Holland. Þau lönd þar sem fólk lenti helst undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun voru Búlgaría, Serbía og Rúmenía.

Mynd 6. Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun 2013

Figure 6. Proportion of people at risk of poverty or social exclusion 2013




Heimild Source: Eurostat.

Ísland var með næst lægsta lágtekjuhluðfallið í Evrópu árið 2013.

Ísland var með næst lægsta lágtekjuhluðfallið meðal Evrópuþjóða árið 2013. Hluðfallið á Íslandi mældist 9,3% en 16,6% innan Evrópusambandsins. Lægst var hluðfallið í Tékklandi, 8,6% og þriðja lægst í Hollandi 10,4%. Í Serbíu var hæst hluðfall fyrir neðan lágtekjumörk eða 24,5%, þar á eftir voru Grikkland og Rúmenía.

Mynd 7. Lágtekjuhluðfall 2013

Figure 7. At-risk-of-poverty rate 2013



Heimild Source: Eurostat.


Greining lágtekjuhlutfalls

Fólk með háskólagráðu er mun ólíklegra til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk en þeir sem hafa minni menntun

Þegar ólíkir menntunarhópar eru bornir saman kemur í ljós að háskólamenntaðir eru mun ólíklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk því 3% háskólamenntaðra voru fyrir neðan lágtekjmörk en 5% þeirra sem eingöngu eru með grunmenntun og 6,2% þeirra sem hafa starfs- eða framhaldsmenntun. Hafa ber í huga að hér er eingöngu verið að skoða þá sem eru vinnandi sem útskýrir hvers vegna lágtekjuhlutfallið er lágt í öllum hópunum.

Mynd 8. Lágtekjuhlutfall eftir menntun

Figure 8. At-risk-of-poverty rate by education




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2014: Grunmenntun $\pm 1,7$, starfs- og framhaldsmenntun $\pm 1,5$ og háskólamenntun $\pm 1,1$. See figure 1. CI (95%) 2014: Basic education ± 1.7 , upper secondary education ± 1.5 and tertiary education ± 1.1 .

Leigjendur mun líklegri en húseigendur til að vera fyrir neðan lágtekjumörk. En staða þeirra hefur batnað.

Leigjendur voru í mun meiri hættu en húseigendur á að vera fyrir neðan lágtekjumörk en 15,9% þeirra voru undir lágtekjumörkum í lífsskjararannsókninni 2014 en aðeins 5,8% húseigenda. Hins vegar hefur staða leigjenda batnað talsvert frá síðasta ári en þá voru 22,4% fyrir neðan lágtekjumörk. Staða húseigenda er hins vegar svipuð og hún var fyrir ári síðan. Almennt má segja að hlutfall leigjenda undir lágtekjumörkum sveiflast mun meira en hlutfall húseigenda.

Mynd 9. Lágtekjuhlutfall hjá húseigendum og leigjendum

Mynd 9. *At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2014: Eigandi $\pm 1,1$ og leigjandi $\pm 3,4$. See figure 1. CI (95%) 2014: Owner $\pm 1,1$ and tenant $\pm 3,4$.

Úrtak

Svarhlutfall var 71% og svör fengust frá 8.842 einstaklingum á 3.001 heimilum árið 2014

Lífsskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífsskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og þá sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og miðað við ráðstöfunartekjur heimila þegar efnahagsleg staða þeirra er metin.

Við skipulagningu lífsskjararannsóknarinnar var reynt að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrám. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrár sem gefa áreiðanlegri mynd af tekjum en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri mynd af þeim sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Í þessu hefti er fjallað um lífsskjararannsóknir árin 2004 til 2014 en upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. Í skýringum aftast í heftinu má sjá lýsingu á aðferðum og hugtökum og eru skýringarnar í númeraröð sem verður vísað í eftir því sem við á.

Úrtak lífsskjararannsóknarinnar 2014 var 4.499 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.221 heimili. Svör fengust frá 3.001 þessarra heimila sem er 71% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.842 einstaklinga. Lífsskjararannsóknin var framkvæmd 3. febrúar til 7. maí árið 2014.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlífendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
4. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 3) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
5. *Miðgildi* Miðgildi (e. *median*) er sú tala sem er í miðjunni þegar öllum einstaklingunum í talnasafni er raðað frá þeim lágsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmanninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.
6. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.

7. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.
8. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-index*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samantlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
9. *Tekjur á föstu verðlagi* Fjárhæðirnar í mynd 2 eru reiknaðar miðað við meðaltal neysluvísitölunnar fyrir árið 2012 vegna þess að nýjustu tekjuupplýsingarnar eru frá þeim tíma. Fjárhæðir í mynd 2 eru því allar á föstu verðlagi ársins 2012.
10. *Markmið Evrópusambandsins fyrir árið 2020* Evrópusambandið hefur sett sér fimm mælanleg lykilmarkmið til að stefna að fyrir árið 2020. Markmiðin eru eftirfarandi:
1. 75% fólks á aldrinum 20–64 ára á að vera í vinnu
 2. 3% þjóðarframleiðslu skal fjárfesta í rannsóknum og þróun
 3. (A) Magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu skal vera 20% minna en það mældist árið 1990. (B) Endurvinnanlegir orkugjafar skulu vera að minnsta kosti 20% allrar orku sem notuð er og (C) orkunotkun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á að dragast saman um 20%
 4. (A) Hlutfall brottfalls úr grunnskóla á að vera lægra en 10% og (B) að minnsta kosti 40% fólks á aldrinum 30–34 ára á að vera með háskóla-menntun
 5. Draga skal úr fátækt með því að fækka um 20 milljónir þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða eru í hættu á félagslegri einangrun
11. *Vinnuhlutfall á heimili* Vinnuhlutfall á heimili er fjöldi mánaða sem allir heimilismenn á aldrinum 18–59 ára unnu á árinu deilt með fjölda mánaða sem þessir sömu heimilismenn gætu unnið ef þeir væru í vinnu allt árið. Heimili þar sem eingöngu er fólk yngra en 18 ára, námsmenn yngri en 25 ára eða eingöngu með fólki 60 ára eða eldra er sleppt úr útreikningunum á vinnuhlutfalli heimilis. Heimili þar sem vinnuhlutfallið er lægra en 20% teljast hafa lágt vinnuhlutfall samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins.
12. *Verulegur skortur á efnislegum gæðum* Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum skilgreinast af því að hafa svarað fjórum af eftirfarandi níu spurningum játandi:
1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum
 2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni
 3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag
 4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 150 þúsund árið 2013)
 5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma
 6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki
 7. Hefur ekki efni á þvottavél
 8. Hefur ekki efni á bíl
 9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu

13. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
14. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.
15. *Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa* Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekjuskerðingar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárru upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um getur verið að ræða mjög háar upphæðir sem gætu haft mikil áhrif á bæði Gini-stuðulinn og fimmtungastuðulinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.
16. *Könnunarár og tekjuár* Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár sem er það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

Income distribution and risk of poverty indicators are calculated from the European survey of income and living conditions (EU-SILC).

Income in Iceland was more evenly distributed than it has been since it was first measured in the year 2004. The highest income quintile received 3.1 times higher income than the lowest income quintile in 2014 and the Gini coefficient was 22.7.

The share of people at risk of poverty has never been lower from the beginning of the survey. It was 7.9% which is equal to what it was in 2012. In 2014 11,1% were at risk of poverty or social exclusion which is the lowest it has been since the beginning of the survey.

When the groups below the poverty threshold are studied more closely it can be seen that people with tertiary education are less likely to fall below the poverty threshold than people with a lower education level while there is not much difference between those who have primary education and those with upper secondary education. It can also be seen that tenants are more likely to be at risk of poverty than home owners, 15.9% compared to 5.8%.

Tafla 2. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Tafla 2. *The Gini index, quantile share ratio and the proportion of individuals who are at-risk-of-poverty or social exclusion*

Hlutfall <i>Proportion</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Vik- mörk <i>CI</i> 2014
Gini stuðull <i>The Gini index</i>	26,3	28,0	27,3	29,6	25,7	23,6	24,0	24,0	22,7	±1,0
Fimmtungastuðull <i>Income quintile share ratio</i>	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	3,4	3,4	3,1	±0,1
Undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun <i>At-risk-of-poverty or social exclusion</i>	12,5	13,0	11,8	11,6	13,7	13,7	12,7	13,0	11,1	±1,3
Undir lágtekjumörkum <i>At risk of poverty</i>	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	7,9	±1,1
Með mjög lágt vinnuhlutfall <i>Very low work intensity</i>	2,7	2,3	2,7	2,5	5,7	6,0	6,3	5,7	4,9	±0,9
Verulegur skortur á efnislegum gæðum <i>Severe material deprivation</i>	2,1	2,1	0,8	0,8	1,8	2,0	2,3	1,9	1,3	±0,5

Tafla 3. Meðalráðstöfunartekjur í tekjufimmtungum á verðlagi ársins 2013 miðað við vísitölu neysluverðs

Tafla 3. *Real disposable income for income quintiles in 2013 year's prices, CPI*

Púsundir króna á mánuði <i>Thousand ISK per month</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Vik- mörk <i>CI</i> 2014
Lægsti fimmtungur <i>Lowest quintile</i>	173	188	200	199	177	163	162	166	179	±4
Mið-fimmtungur <i>Third quintile</i>	314	334	357	359	315	291	286	296	305	±1
Hæsti fimmtungur <i>Highest quintile</i>	646	740	767	839	640	539	541	557	556	±17

Tafla 4. Fimmtungastuðull
Table 4. Income quintile share ratio

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Austurríki <i>Austria</i>	3,8	3,8	3,7	3,8	4,2	4,2	4,3	4,1	4,2	4,1
Belgía <i>Belgium</i>	3,9	4,0	4,2	3,9	4,1	3,9	3,9	3,9	4,0	3,8
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	5,9	5,4	5,3	5,6	5,3	5,4	5,3	5,0	4,6
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	4,0	3,7	5,1	7,0	6,5	5,9	5,9	6,5	6,1	6,6
Danmörk <i>Denmark</i>	3,4	3,5	3,4	3,7	3,6	4,6	4,4	4,4	4,5	4,3
Eistland <i>Estonia</i>	7,2	5,9	5,5	5,5	5,0	5,0	5,0	5,3	5,4	5,5
Finnland <i>Finland</i>	3,5	3,6	3,6	3,7	3,8	3,7	3,6	3,7	3,7	3,6
Frakkland <i>France</i>	4,2	4,0	4,0	3,9	4,4	4,4	4,4	4,6	4,5	4,5
Grikkland <i>Greece</i>	5,9	5,8	6,1	6,0	5,9	5,8	5,6	6,0	6,6	6,6
Holland (Niðurland) <i>Netherlands</i>	•	4,0	3,8	4,0	4,0	4,0	3,7	3,8	3,6	3,6
Írland <i>Ireland</i>	4,9	5,0	4,9	4,8	4,4	4,2	4,7	4,6	4,7	4,5
Ísland <i>Iceland</i>	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	3,4	3,4
Ítalía <i>Italy</i>	5,7	5,6	5,5	5,5	5,1	5,2	5,2	5,6	5,5	5,7
Króatía <i>Croatia</i>	4,8	4,7	4,4	4,5	4,5	4,3	5,5	5,6	5,4	5,3
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	4,3	4,3	4,4	4,3	4,4	4,5	4,3	4,7	4,9
Lettland <i>Latvia</i>	•	6,7	7,8	6,4	7,3	7,4	6,8	6,5	6,5	6,3
Litháen <i>Lithuania</i>	•	6,9	6,3	5,9	5,9	6,4	7,3	5,8	5,3	6,1
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	3,9	3,9	4,2	4,0	4,1	4,3	4,1	4,0	4,1	4,6
Malta <i>Malta</i>	•	3,9	4,0	3,9	4,3	4,0	4,3	4,0	3,9	4,1
Noregur <i>Norway</i>	3,6	4,1	4,8	3,5	3,7	3,5	3,4	3,3	3,2	3,3
Portúgal <i>Portugal</i>	7,0	7,0	6,7	6,5	6,1	6,0	5,6	5,7	5,8	6,0
Pólland <i>Poland</i>	•	6,6	5,6	5,3	5,1	5,0	5,0	5,0	4,9	4,9
Rúmenía <i>Romania</i>	4,8	4,9	5,3	7,8	7,0	6,7	6,0	6,2	6,3	6,6
Serbía <i>Serbia</i>	•	•	•	•	•	•	•	•	•	8,6
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	3,9	4,1	3,5	3,4	3,6	3,8	3,8	3,7	3,6
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	3,4	3,4	3,3	3,4	3,2	3,4	3,5	3,4	3,6
Spánn <i>Spain</i>	5,1	5,5	5,5	5,5	5,7	5,9	6,2	6,3	6,5	6,3
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	4,7	4,9	4,8	4,5	4,5	4,4	4,2
Svíþjóð <i>Sweden</i>	3,3	3,3	3,6	3,3	3,5	3,7	3,5	3,6	3,7	3,7
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	3,7	3,5	3,5	3,4	3,5	3,5	3,5	3,5	3,4
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	4,0	5,5	3,7	3,6	3,5	3,4	3,9	4,0	4,2
Þýskaland <i>Germany</i>	•	3,8	4,1	4,9	4,8	4,5	4,5	4,5	4,3	4,6
Evrópusambandið <i>EU28</i>	•	•	•	•	•	•	4,9	5,0	5,0	5,0
Evrusvæðið <i>EURO18</i>	•	4,6	4,7	4,8	4,9	4,8	4,8	5,0	4,9	5,0

Tafla 5. Gini-stuðull
Table 5. The Gini index

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Austurríki <i>Austria</i>	25,8	26,3	25,3	26,2	27,7	27,5	28,3	27,4	27,6	27,0
Belgía <i>Belgium</i>	26,1	28,0	27,8	26,3	27,5	26,4	26,6	26,3	26,5	25,9
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	34,6	32,5	32,6	33,9	32,4	32,9	33,0	31,3	30,2
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	26,0	25,0	31,2	35,3	35,9	33,4	33,2	35,0	33,6	35,4
Danmörk <i>Denmark</i>	23,9	23,9	23,7	25,2	25,1	26,9	26,9	27,8	28,1	27,5
Eistland <i>Estonia</i>	37,4	34,1	33,1	33,4	30,9	31,4	31,3	31,9	32,5	32,9
Finnland <i>Finland</i>	25,5	26,0	25,9	26,2	26,3	25,9	25,4	25,8	25,9	25,4
Frakkland <i>France</i>	28,2	27,7	27,3	26,6	29,8	29,9	29,8	30,8	30,5	30,1
Grikkland <i>Greece</i>	33,0	33,2	34,3	34,3	33,4	33,1	32,9	33,5	34,3	34,4
Holland (Niðurland) <i>Netherlands</i>	•	26,9	26,4	27,6	27,6	27,2	25,5	25,8	25,4	25,1
Írland <i>Ireland</i>	31,5	31,9	31,9	31,3	29,9	28,8	30,7	29,8	29,9	30,0
Ísland <i>Iceland</i>	24,1	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	25,7	23,6	24,0	24,0
Ítalía <i>Italy</i>	33,2	32,8	32,1	32,2	31,0	31,5	31,2	31,9	31,9	32,5
Króatía <i>Croatia</i>	30,0	30,0	28,0	29,0	28,0	27,0	31,6	31,2	30,9	30,9
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	28,7	28,8	29,8	29,0	29,5	30,1	29,2	31,0	32,4
Lettland <i>Latvia</i>	•	36,2	38,9	35,4	37,5	37,5	35,9	35,1	35,7	35,2
Litháen <i>Lithuania</i>	•	36,3	35,0	33,8	34,0	35,9	37,0	33,0	32,0	34,6
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	26,5	26,5	27,8	27,4	27,7	29,2	27,9	27,2	28,0	30,4
Malta <i>Malta</i>	•	27,0	27,1	26,3	28,1	27,4	28,6	27,2	27,1	27,9
Noregur <i>Norway</i>	25,2	28,2	29,2	23,7	25,1	24,1	23,6	22,9	22,5	22,7
Portúgal <i>Portugal</i>	37,8	38,1	37,7	36,8	35,8	35,4	33,7	34,2	34,5	34,2
Pólland <i>Poland</i>	•	35,6	33,3	32,2	32,0	31,4	31,1	31,1	30,9	30,7
Rúmenía <i>Romania</i>	31,0	31,0	33,0	37,8	36,0	34,9	33,3	33,2	33,2	34,0
Serbía <i>Serbia</i>	•	•	•	•	•	•	•	•	•	38,0
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	26,2	28,1	24,5	23,7	24,8	25,9	25,7	25,3	24,2
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	23,8	23,7	23,2	23,4	22,7	23,8	23,8	23,7	24,4
Spánn <i>Spain</i>	30,7	32,2	31,9	31,9	31,9	32,9	33,5	34,0	34,2	33,7
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	30,4	31,1	30,7	29,6	29,7	28,8	28,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	23,0	23,4	24,0	23,4	24,0	24,8	24,1	24,4	24,8	24,9
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	26,0	25,3	25,3	24,7	25,1	24,9	25,2	24,9	24,6
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	27,6	33,3	25,6	25,2	24,7	24,1	26,8	26,9	28,0
Þýskaland <i>Germany</i>	•	26,1	26,8	30,4	30,2	29,1	29,3	29,0	28,3	29,7
Evrópusambandið <i>EU28</i>	•	•	•	•	•	•	30,4	30,8	30,4	30,5
Evrusvæðið <i>EURO18</i>	•	29,3	29,3	30,0	30,4	30,2	30,2	30,5	30,3	30,6

Tafla 6. Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun
Table 6. Proportion of people at-risk-of-poverty or social exclusion

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Austurríki <i>Austria</i>	17,5	17,4	17,8	16,7	20,6	19,1	18,9	19,2	18,5	18,8
Belgía <i>Belgium</i>	21,6	22,6	21,5	21,6	20,8	20,2	20,8	21,0	21,6	20,8
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	24,8	23,7	22,6	23,2	22,0	23,2	22,7	24,1	24,8
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	61,3	60,7	44,8	46,2	49,2	49,1	49,3	48,0
Danmörk <i>Denmark</i>	16,5	17,2	16,7	16,8	16,3	17,6	18,3	18,9	19,0	18,9
Eistland <i>Estonia</i>	26,3	25,9	22,0	22,0	21,8	23,4	21,7	23,1	23,4	23,5
Finnland <i>Finland</i>	17,2	17,2	17,1	17,4	17,4	16,9	16,9	17,9	17,2	16,0
Frakkland <i>France</i>	19,8	18,9	18,8	19,0	18,5	18,5	19,2	19,3	19,1	18,1
Grikkland <i>Greece</i>	30,9	29,4	29,3	28,3	28,1	27,6	27,7	31,0	34,6	35,7
Holland (Niðurland) <i>Netherlands</i>	•	16,7	16,0	15,7	14,9	15,1	15,1	15,7	15,0	15,9
Írland <i>Ireland</i>	24,8	25,0	23,3	23,1	23,7	25,7	27,3	29,4	30,0	29,5
Ísland <i>Iceland</i>	13,7	13,3	12,5	13,0	11,8	11,6	13,7	13,7	12,7	13,0
Ítalía <i>Italy</i>	26,4	25,0	25,9	26,0	25,3	24,7	24,5	28,2	29,9	28,4
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	31,1	32,6	32,6	29,9
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	25,3	25,4	25,2	23,3	23,5	24,6	24,6	27,1	27,8
Lettland <i>Latvia</i>	•	46,3	42,2	35,1	34,2	37,9	38,2	40,1	36,2	35,1
Litháen <i>Lithuania</i>	•	41,0	35,9	28,7	27,6	29,6	34,0	33,1	32,5	30,8
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	16,1	17,3	16,5	15,9	15,5	17,8	17,1	16,8	18,4	19,0
Malta <i>Malta</i>	•	20,5	19,5	19,7	20,1	20,3	21,2	22,1	23,1	24,0
Noregur <i>Norway</i>	15,8	16,2	16,9	16,5	15,0	15,2	14,9	14,5	13,7	14,1
Portúgal <i>Portugal</i>	27,5	26,1	25,0	25,0	26,0	24,9	25,3	24,4	25,3	27,5
Pólland <i>Poland</i>	•	45,3	39,5	34,4	30,5	27,8	27,8	27,2	26,7	25,8
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	45,9	44,2	43,1	41,4	40,3	41,7	40,4
Serbía <i>Serbia</i>	•	•	•	•	•	•	•	•	•	42,0
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	32,0	26,7	21,3	20,6	19,6	20,6	20,6	20,5	19,8
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	18,5	17,1	17,1	18,5	17,1	18,3	19,3	19,6	20,4
Spánn <i>Spain</i>	24,4	24,3	24,0	23,3	24,5	24,7	26,1	26,7	27,2	27,3
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	17,9	18,1	17,9	17,2	17,2	17,5	16,3
Svíþjóð <i>Sweden</i>	16,9	14,4	16,3	13,9	14,9	15,9	15,0	16,1	15,6	16,4
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	19,6	18,0	15,8	15,3	14,0	14,4	15,3	15,4	14,6
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	32,1	31,4	29,4	28,2	29,6	29,9	31,0	32,4	33,5
Þýskaland <i>Germany</i>	•	18,4	20,2	20,6	20,1	20,0	19,7	19,9	19,6	20,3
Evrópusambandið <i>EU28</i>	•	•	•	•	•	•	23,7	24,3	24,7	24,5
Evrusvæðið <i>EURO18</i>	•	21,7	22,0	21,8	21,7	21,5	21,8	22,9	23,2	23,1

Tafla 7. LágtekjuhlutfallTable 7. *At-risk-of-poverty rate*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Austurríki <i>Austria</i>	12,8	12,6	12,6	12,0	15,2	14,5	14,7	14,5	14,4	14,4
Belgía <i>Belgium</i>	14,3	14,8	14,7	15,2	14,7	14,6	14,6	15,3	15,3	15,1
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	19,0	19,0	18,6	18,7	17,3	17,1	16,2	16,0	15,9
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	15,0	14,0	18,4	22,0	21,4	21,8	20,7	22,2	21,2	21,0
Danmörk <i>Denmark</i>	10,9	11,8	11,7	11,7	11,8	13,1	13,3	13,0	13,1	12,3
Eistland <i>Estonia</i>	20,2	18,3	18,3	19,4	19,5	19,7	15,8	17,5	17,5	18,6
Finnland <i>Finland</i>	11,0	11,7	12,6	13,0	13,6	13,8	13,1	13,7	13,2	11,8
Frakkland <i>France</i>	13,5	13,0	13,2	13,1	12,5	12,9	13,3	14,0	14,1	13,7
Grikkland <i>Greece</i>	19,9	19,6	20,5	20,3	20,1	19,7	20,1	21,4	23,1	23,1
Holland (Niðurland) <i>Netherlands</i>	•	10,7	9,7	10,2	10,5	11,1	10,3	11,0	10,1	10,4
Írland <i>Ireland</i>	20,9	19,7	18,5	17,2	15,5	15,0	15,2	15,2	15,7	14,1
Ísland <i>Iceland</i>	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3
Ítalía <i>Italy</i>	19,1	18,9	19,6	19,8	18,7	18,4	18,2	19,6	19,4	19,1
Króatía <i>Croatia</i>	18,0	18,0	17,0	18,0	17,3	17,9	20,6	20,9	20,4	19,5
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	16,1	15,6	15,5	15,9	15,8	15,6	14,8	14,7	15,3
Lettland <i>Latvia</i>	•	19,4	23,5	21,2	25,9	26,4	20,9	19,0	19,2	19,4
Litháen <i>Lithuania</i>	•	20,5	20,0	19,1	20,0	20,3	20,5	19,2	18,6	20,6
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	12,7	13,7	14,1	13,5	13,4	14,9	14,5	13,6	15,1	15,9
Malta <i>Malta</i>	•	14,3	14,2	15,1	15,3	14,9	15,5	15,6	15,1	15,7
Noregur <i>Norway</i>	10,8	11,4	12,3	11,9	11,4	11,7	11,2	10,5	10,0	10,9
Portúgal <i>Portugal</i>	20,4	19,4	18,5	18,1	18,5	17,9	17,9	18,0	17,9	18,7
Pólland <i>Poland</i>	•	20,5	19,1	17,3	16,9	17,1	17,6	17,7	17,1	17,3
Rúmenía <i>Romania</i>	18,0	•	•	24,8	23,4	22,4	21,1	22,2	22,6	22,4
Serbía <i>Serbia</i>	•	•	•	•	•	•	•	•	•	24,5
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	13,3	11,6	10,6	10,9	11,0	12,0	13,0	13,2	12,8
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	12,2	11,6	11,5	12,3	11,3	12,7	13,6	13,5	14,5
Spánn <i>Spain</i>	19,9	20,1	20,3	19,7	20,8	20,4	20,7	20,6	20,8	20,4
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	15,0	15,7	15,6	15,0	15,0	15,9	14,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	11,3	9,5	12,3	10,5	12,2	13,3	12,9	14,0	14,1	14,8
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	10,4	9,9	9,6	9,0	8,6	9,0	9,8	9,6	8,6
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	13,5	15,9	12,3	12,4	12,4	12,3	13,8	14,0	14,3
Þýskaland <i>Germany</i>	•	12,2	12,5	15,2	15,2	15,5	15,6	15,8	16,1	16,1
Evrópusambandið <i>EU28</i>	•	•	•	•	•	•	16,4	16,8	16,8	16,6
Evrusvæðið <i>EURO18</i>	•	15,3	15,6	16,3	16,1	16,1	16,2	16,7	16,8	16,6

Tafla 8. Lágtekjuhlutfall einstaklinga eftir menntunTable 8. *At-risk-of-poverty rate of individuals by education*

	Hlutfall <i>Rate</i>									2014	
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i>
Alls <i>Total</i>	6,5	6,9	6,7	7,6	6,7	6,4	5,3	6,2	4,7	± 0,9	7.500
Grunnmentun <i>Basic education</i>	8,7	7,6	7,0	9,4	7,6	6,4	6,1	7,0	5,0	± 1,7	2.100
Starfs- og framhaldsmenntun Upper secondary education	6,8	8,0	8,3	8,2	8,7	8,2	6,4	7,3	6,2	± 1,5	3.500
Háskólamenntun <i>Tertiary education</i>	3,1	4,4	4,0	5,0	2,9	4,0	3,1	4,1	3,0	± 1,1	1.800

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæðiTable 9. *At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*

	Hlutfall <i>Rate</i>									2014	
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i>
Alls <i>Total</i>	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	7,9	± 1,1	24.500
Eigandi eða leigir frítt <i>Owner or rent free</i>	8,3	9,1	7,8	7,5	7,2	6,0	5,0	5,8	5,8	± 1,1	14.200
Leigjandi <i>Tenant</i>	18,7	17,3	25,5	26,3	22,1	22,0	19,0	22,4	15,9	± 3,4	10.300

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Hagtíðindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

100. árg. • 15. tbl.

ISSN 0019-1078

2015:4

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series